



**HÁSKÓLI
ÍSLANDS**

LYFJAFRÆÐIDEILD

Hofsvallagötu 53, 107 Reykjavík
Sími 525 4353 · lyf@hi.is · hi.is

Handbók nema við Lyfjafræðideild 2024-2025





HÁSKÓLI ÍSLANDS

Efnisyfirlit

1. Um Lyfjafræðideild og nám á háskólastigi.....	3
1.1 Almennt.....	3
1.2 Hagi.....	3
1.3 Ugla /Canvas.....	4
1.4 ECTS einingar.....	4
1.5 Staðnám og mætingaskylda.....	4
1.6 Kennslutungumál.....	4
1.7 Skráning nemenda.....	4
1.8 Stundaskrár.....	4
1.9 Kennslukannanir.....	4
2. Nám, námsframvinda og brautskráning.....	5
2.1 Ábyrgð nemenda á eigin námi.....	5
2.2 Mat á fyrra háskólanámi.....	5
2.3 Námsframvinda.....	5
2.4 Hámarkslengd náms.....	5
2.5 Skiptinám.....	6
2.6 Brautskráning.....	6
3. Námsmat og próf.....	6
3.1 Einkunnir.....	6
3.2 Próftökuréttur.....	7
3.3 Sjúkrapróf.....	7
3.4 Fall í námskeiðum.....	7
3.5 Endurtökupróf.....	7
3.6 Boðleiðir innan Lyfjafræðideildar vegna kennslutengdra málefna.....	7
3.7 Valnámskeið á 2. ári MS í Lyfjafræði.....	8
4. Reglur.....	8
4.1 Almennt um reglur sem gilda við Lyfjafræðideild.....	8
4.2 Reglur HÍ um brot á reglum á agaviðurlögum.....	8
4.3 Höfundavarið efni.....	10

4.4. Reglur fyrir barnshafandi nemendur í verklegum námskeiðum í Lyfjafræðideild	10
5. Starfsnám og leyfi	11
5.1 Starfsnám og tímabundið starfsleyfi aðstoðarlyfjafræðings	11
5.2 Starfsleyfi lyfjafræðinga	11
5.3 Lyfjafræðingafélag Íslands (LFÍ)	12
6. Tinktúra – félag lyfjafræðinema	12

1. Um Lyfjafræðideild og nám á háskólastigi

1.1 Almenn

Innan Háskóla Íslands er að finna fimm fræðasvið, og tilheyrir Lyfjafræðideild Heilbrigðisvísindasviði. Eftirfarandi námsleiðir eru kenndar við Lyfjafræðideild:

- BS nám í lyfjafræði
- MS nám í lyfjafræði
- MS nám í lyfjavísindum
- MS nám í klínískri lyfjafræði
- Doktorsnám í lyfjafræði
- Doktorsnám í lyfjavísindum

1.2 Hagi

Lyfjafræðideild er staðsett í Haga, Hofsvallagötu 53, 107 Reykjavík. Þar eru flestir starfsmenn deildarinnar með skrifstofu, og í byggingunni er einnig að finna kennslustofur, rannsóknarstofur, tölvuver og lesstofu fyrir nemendur.

Kennslustofurnar eru tvær, annars vegar stofa 104 á fyrstu hæð og hins vegar stofa 213 á annarri hæð. Á annarri hæð má einnig finna rannsóknarstofur, en þar fer stór hluti verklegrar kennslu fram. Á fyrstu hæð má svo finna tölvuver og lesstofu fyrir nemendur, en lesrymum í Haga er úthlutað af nemendafélaginu Tinktúru (nemendur komnir lengra í námi ganga fyrir því að fá pláss). Nemendum er einnig frjálst að nýta sér aðrar les- og tölvustofur innan Háskólans.

Byggingin er opin 8:00-16:00 virka daga á meðan kennslu stendur.

Deildarskrifstofa Lyfjafræðideildar er staðsett á þriðju hæð í Haga. Skrifstofan er opin frá 10-12 og 13-15. Sími skrifstofu er 525-4353 og netfang er lyf@hi.is

Deildarforseti Lyfjafræðideildar er Berglind Eva Benediktsdóttir
Varadeildarforseti Elvar Örn Viktorsson
Deildarstjóri er Sólveig Margrét Karlsdóttir
Verkefnisstjóri kennslumála er Unnur Tryggvadóttir Flóvenz

1.3 Uglya /Canvas

Áður en kennsla hefst er mjög mikilvægt að nemendur séu komnir með aðgang að [Uglyu](#). Mikilvægt er að nemendur fylgist með tölvupósti sem berst á HÍ-netfangið þeirra frá því það er virkt, því það netfang nota kennarar og starfsfólk háskólans til að vera í sambandi við nemendur, og þangað eru sendar mikilvægar upplýsingar eins og breytingar á kennslu sem og mikilvægar tilkynningar frá rektor. Allt kennsluefni er sett fram á Canvas vefnum.

1.4 ECTS einingar

Við Háskóla Íslands eru notaðar ECTS einingar. Einn kennsluár í fullu námi er metið til 60 ECTS eininga, 30 ECTS einingar á hvoru misseri. Almennt er miðað við að nám í eitt háskólaár sé 1.500 til 1.800 vinnustundir á nemanda, eða 25 til 30 vinnustundir fyrir hverja ECTS-einingu.

1.5 Staðnám og mætingaskylda

Nám við Lyfjafræðideild HÍ er skipulagt sem staðnám og því ætlast til þess að nemendur mæti í alla tíma og séu virkir þátttakendur í þeim. Í einhverjum námskeiðum er mætingaskylda. Í ljósi þess að námið er skipulagt sem staðnám ber að hafa í huga að kennurum ber ekki skylda til að taka upp fyrirlestra, það er undir hverjum og einum kennara komið hvort hann gerir það eða ekki.

1.6 Kennslutungumál

Kennsla fer fram á íslensku í flestum námskeiðum, en á ensku í einhverjum námskeiðum, einkum á meistarastigi. Kennslutungumál námsleiða og einstakra námskeiða er tilgreint í kennsluskrá og fer námsmat fram á sama tungumáli og kennsla í námskeiðum.

1.7 Skráning nemenda

Á hverju ári í mars/apríl fer fram skráning í námskeið fyrir komandi skólaár í Uglyu. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á að skrá sig í námskeið, ef skráningu er ekki sinnt er nemandi ekki skráður í háskólann fyrir komandi skólaár. Skráningin í námskeið og greiðsla skráningargjalda er forsenda þess ferill nemenda haldist opinn.

1.8 Stundaskrár

Fyrstu drög að stundaskrár birtast á vefsíðu Lyfjafræðideildar í júní/júlí fyrir haustmisseri og í desember fyrir vormisseri. **Eftir að kennsla hefst gilda stundatöflur í Uglyu** og pdf skjöl á ytri vef verða ekki uppfærð.

1.9 Kennslukannanir

Á hverju misseri fara fram tvær kennslukannanir, miðmisseriskönnun um mitt misseri og svo kennslukönnun eftir að kennslu lýkur. Nemendur eru hvattir til að taka þátt í kennslukönnunum, en þátttaka nemenda í kennslukönnun skiptir sköpum í mati á gæðum kennslu við Háskóla Íslands og stuðlar að bættu námi og kennslu við skólann. Kennsluráð Lyfjafræðideildar fer yfir niðurstöður kennslukannana og grípur til aðgerða ef þörf er á. Kennsluráð fundar einu sinni á misseri með fulltrúum nemenda til að fara yfir niðurstöður kennslukannana.

2. Nám, námsframvinda og brautskráning

2.1 Ábyrgð nemenda á eigin námi

Nemendur bera ábyrgð á eigin námi við Háskóla Íslands. Þannig bera þeir ábyrgð á því að skrá sig í námskeið, fylgjast með námsferli sínum og á því að fylgja þeim reglum sem gildandi eru.

2.2 Mat á fyrra háskólanámi

Nemendur sem stundað hafa annað háskólanám geta fengið allt að 120 ECTS metnar inn í BS-nám í lyfjafræði að uppfylltum kröfum Lyfjafræðideildar varðandi einkunnir úr námskeiðum og aldur prófa, sjá [Reglur Lyfjafræðideildar um mat á eldri prófum](#). Stúdent skal sækja skriflega um slíkt mat til Lyfjafræðideildar, þar sem fram kemur hvaða námskeið þeir óska eftir að fá metin inn til jafns við ákveðin námskeið lyfjafræðinámsins. Umsóknafrestur er t.o.m. síðasta dags til að endurskoða námskeiðaskráningu á hvoru misseri sbr. [Kennslualmanak háskólaárið 2023–2024](#). Kennsluráð Lyfjafræðideildar hefur umsjón með mati á fyrra námi.

Svo unnt sé að meta námskeið inn í nám við Lyfjafræðideild, verða námskeiðin að uppfylla eftirfarandi forsendur:

- Námskeiðið skal samsvara a.m.k. 2/3 hlutum af innihaldi þess námskeiðs sem það á að jafngilda.
- Einingafjöldi námskeiðsins er a.m.k. jafn mikill og þess námskeiðs sem það á að jafngilda.
- Nemandi verður að hafa lokið námskeiðinu með a.m.k. einum heilum yfir lágmarkseinkunn.
- Það mega ekki vera meira en fimm ár frá því námskeiðinu var lokið.
- Ef námskeiðið er að fullu sambærilegt er það metið beint.

Umsókn um mat á fyrra námi skal berast til verkefnisstjóra kennslumála, lyf@hi.is. Ef óskað er eftir mat á námi frá öðrum háskóla en Háskóla Íslands þarf að fylgja með umsókn um matið staðfest afrit af námsferli og námskeiðslýsingar.

2.3 Námsframvinda

Til þess að hefja nám á þriðja námsári BS í lyfjafræði skal nemandi hafa lokið öllum námskeiðum sem tilheyra 1. námsári og að lágmarki 40e af þeim námskeiðum sem tilheyra 2. námsári (alls 100e).

ATH. að nemendur geta þurft að hafa lokið ákveðnum námskeiðum sem tilheyra 1. námsári til þess að geta tekið námskeið sem tilheyra 2. námsári. Sjá nánar í kennsluskrá.

2.4 Hámarkslengd náms

BS-prófi skal lokið ekki seinna en 5 árum eftir að nemandi innritast í námið. MS-prófi skal lokið ekki seinna en 3 árum eftir að nemandi innritast í námið.

2.5 Skiptinám

Hægt er að fá metin námskeið í skiptinámi til jafns við námskeið sem kennd eru við Háskóla Íslands. Vert er að nefna að BS nám í lyfjafræði samanstendur að öllu leiti af skyldunámskeiðum og því er nemendum bent á að námskeið sem nemandi hyggst taka í skiptinámi þurfi að vera mjög lík námskeiðum sem kennd eru hér við Lyfjafræðideild. Hyggi nemendur á skiptinám er það í þeirra höndum að sækja um skiptinámið og koma með tillögur að námskeiðum í skiptináminu sem gætu verið metin inn í nám við Lyfjafræðideild. Kennsluráð metur það fyrir fram hvort námskeið eru jafngild. Sé niðurstaða kennsluráðs sú að fáar sem engar einingar fáist metnar eftir skiptinám erlendis getur nemandi óskað eftir heimild fyrir skiptinámi á þeim forsendum.

Nemendum er bent á að hafa samband við [Skrifstofu alþjóðasamskipta \(ask@hi.is\)](mailto:ask@hi.is) til að fá frekari upplýsingar um umsóknarferli, samstarfsskóla og fleira.

2.6 Brautskráning

Háskóli Íslands brautskráir kandídata þrisvar á ári, í febrúar, júní og október. Formlegar brautskráningarathafnir eru hins vegar aðeins tvær, í febrúar og júní. Nemendur skrá sig í Uglunni í **áætlaða brautskráningu** í upphafi þess misseris sem þeir hyggjast brautskrást á. Öll gögn, einkunnir, ritgerðarheiti og athugasemdir verða að hafa borist til deildarinnar í síðasta lagi föstudag fjórum vikum fyrir brautskráningardag. Berist gögn eftir þann tíma mun brautskráning viðkomandi stúdents frestast til næstu brautskráningar.

3. Námsmat og próf

3.1 Einkunnir

Til að standast próf í BS-námi í lyfjafræði verður nemandi að hljóta minnst einkunnina 5,0 í öllum námskeiðum hverri um sig auk allra námskeiðshluta í einstökum námskeiðum. Sjá nánar í 5. og 6. mgr. 123. greinar í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000. Til að standast MS-próf í lyfjafræði, lyfjavísindum eða klínískri lyfjafræði verður nemandi að hljóta minnst einkunnina 6,0 í öllum námskeiðum hverju fyrir sig, auk allra námskeiðshluta í einstökum námskeiðum.

Þetta þýðir að nemendur þurfa að ná 5,0 í einstaka námskeiðshlutum á BS stigi en 6,0 á MS stigi til að uppfylla lágmarksskilyrði námskeiðsins. Námskeiðshlutar geta verið sem dæmi öll hlutapróf talin sem einn námskeiðshluti, verkefni, dæmi og lokapróf. Þar skal miðað við námundaða einkunn, þ.e. 4,75 verður 5,0 og 5,75 verður 6,0, og telst nemandi þá hafa náð lágmarkseinkunn fyrir viðkomandi námsmatsþátt í grunn- eða meistaranámi. Ef lokaeinkunn er samsett úr niðurstöðum tveggja eða fleiri námskeiðshluta á ekki að námunda einkunnir fyrir einstaka námsmatsþætti þegar reiknuð er út lokaeinkunn. Lokaeinkunn skal námunda og gefa í heilum og hálfum á kvarðanum 0-10. Lokaeinkunn námskeiða lægri en 5,0 í BS námi og lægri en 6,0 í meistaranámi er falleinkunn og fást þá ekki einingar fyrir viðkomandi námskeið.

3.2 Próftökuréttur

Til þess að öðlast próftökurétt í námskeiðum þar sem verkleg kennsla eða verkefni eru hluti námskeiðs, skal nemandi hafa lokið öllum verklegum æfingum og verkefnum með tilskyldum árangri. Mætingarskylda er í verklegar æfingar og öðrum námskeiðshlutum sem kennari gerir kröfu um. Próftökuréttur er háður því að mætingarskylda sé uppfyllt ásamt kröfum um tilskyldan árangur.

3.3 Sjúkrapróf

Sjúkrapróf skulu haldin ef í það er skráður nemandi sem var veikur þegar reglulegt misserispróf þess kennsluárs var haldið í námskeiðinu, enda leggi hann fram læknisvottorð samkvæmt því sem reglugerð Háskóla Íslands kveður á um.

3.4 Fall í námskeiðum

Ef nemandi hlýtur ekki tilskylda lágmarkseinkunn á prófi í einstöku námskeiði, hefur hann rétt á að þreyta prófið öðru sinni á næsta skólaári og þarf hann þá að skrá sig aftur í námskeiðið.

Ef nemandi hlýtur hins vegar ekki tilskylda lágmarkseinkunn í annað sinn, getur hann sótt um undanþágu til verkefnastjóra kennslumála til að þreyta prófið í þriðja sinn. Undanþága þess efnis verður einungis veitt ef um sérstakar aðstæður er að ræða og aðeins veitt einu sinni á námsferli hvers nemanda. Aldrei eru veittar undanþágur til fjórðu próftöku. Komi það til að nemandi falli í þriðja skiptið í sama námskeiðinu, þarf viðkomandi nemandi að endurinnritast. Við endurinnritun geta nemendur sótt um að þau námskeið sem hann hefur lokið með a.m.k. einum heilum yfir lágmarkseinunn, fylgi yfir á nýjan námsferil.

Verkefnastjóri kennslumála veitir upplýsingar um undanþágur í námi. Rökstuddar beiðnir um undanþágur skulu sendar til verkefnastjóra kennslumála sem fer með mál nemanda fyrir kennsluráð Lyfjafræðideildar

3.5 Endurtökupróf

Nemandi sem fellur á prófi í námskeiðum deildarinnar (námskeið með LYF númeri), **á ekki rétt á endurtökuprófi að nemendum á 1. ári í BS námi undanskildum.** Nemandi á lokaári í námsleið (BS eða MS) á þó rétt á að taka upp námskeið sem hann fellur í, **ef** viðkomandi á kost á að útskrifast við næstu brautskráningu að prófi loknu.

Nemandi á einungis rétt á að taka eitt endurtökupróf, á hvorri námsleið. Endurtökupróf eru haldin samtímis sjúkraprófum eftir að vorprófum lýkur og er greitt sérstakt gjald fyrir þau.

3.6 Boðleiðir innan Lyfjafræðideildar vegna kennslutengdra málefna

Ábendingar um það sem má betur fara í kennslu í ákveðnum námskeiðum (t.d. hvað varðar kennslu, breytingu á námsefni eða kennslufyrirkomulagi, eða um ófullnægjandi upplýsingar um námskeið):

1. Talað við umsjónarkennara námskeiðs
2. Ef búið er að reyna lið 1 án árangurs þá er talað við verkefnisstjóra kennslumála
3. Svára kennslukönnun

3.7 Valnámskeið á 2. ári MS í Lyfjafræði

Nemendur á 2. ári MS velja sér eitt valnámskeið á haustmisseri. Listi yfir valnámskeið í námsleiðinni MS í lyfjafræði er birtur [í kennsluskrá](#). Hafi nemandi hug á því að taka námskeið sem er ekki á þeim lista skal senda beiðni með rökstuðningi á verkefnisstjóra kennslumála sem verður afgreidd í gegnum Kennsluráð Lyfjafræðideildar.

Námskeiðið má vera á grunnstigi (G merking) ef það hefur sérstaka þýðingu fyrir meistaraverkefnið í lyfjafræði og skal það þá rökstutt sérstaklega. Nemandi í MS námi getur fengið námskeið af annarri námsleið metið í stað valnámskeiðsins ef námskeiðið er á framhaldsstigi (M eða F merking) og getur fallið undir skilmerki lyfjafræðinnar, notkun lyfjafræðinnar í meistaraverkefninu og/eða úti í samfélaginu.

Ef nemandi í MS námi í lyfjafræði velur að taka valnámskeið utan sviðs þar sem lágmarkseinkunn námskeiðs lægri en 6,0 gildir áfram reglan um [meistaránám á Heilbrigðisvísindasviði](#) þ.e. að lágmarkseinkunn verður að vera 6,0 til þess að hún nýtist til prófgráðu. Þetta merkir að **nemandi sem fær 5,0 eða 5,5 í valnámskeiði utan sviðs, þar sem lágmarkseinkunn er 5,0, stenst námskeiðið (fær ekki fall) en getur ekki nýtt það til eininga í þeirri námsleið sem hann er skráður í á heilbrigðisvísindasviði.**

Því miður er ekki hægt að fylgjast með þessu sérstaklega og uppgötvast þessi tilfelli því ekki innan stjórnáráðs fyrir en líður að brautskráningu. Því er því mikilvægt að meistaraneimar átti sig á áhrifum þessa einkunnabils í valnámskeiðum utan sviðs.

4. Reglur

4.1 Almennt um reglur sem gilda við Lyfjafræðideild

[Reglur um nám í Lyfjafræðideild](#)

[Reglur um próf í Lyfjafræðideild](#)

[Reglur Lyfjafræðideildar um mat á eldri prófum](#)

[Reglur fyrir Háskóla Íslands](#)

4.2 Reglur HÍ um brot á reglum á agaviðurlögum

Þung viðurlög eru í Háskóla Íslands við hvers konar misferli í prófum, verkefnavinnu og ritgerðasmíð. Nemanda sem staðinn er að misferli í prófi er vísað frá prófi. Jafnframt kann nemandinn að missa próftökurétt í öðrum námskeiðum á próftímabilinu. Einnig er heimilt að veita nemandanum áminningu eða víkja honum úr skóla, tímabundið eða fyrir fullt og allt. Hið sama gildir um misferli þar sem námsmat felst í öðru en skriflegu eða munnlegu prófi, svo sem ef nemandi leggur fram verkefni eða ritgerð þar sem hann gerir verk eða vinnu annarra að sinni eigin, eða vísar ekki til heimilda í samræmi við viðurkennd fræðileg vinnubrögð.

Verði nemandi uppvís að ámælisverðri hegðun, á borð við ritstuld eða misferli í prófi, ber viðkomandi kennara eða öðrum háskólastarfsmanni að vekja athygli deildarforseta á því. Deildarforseti rannsakar málið, boðar nemandanum í viðtal, gefur honum kost á andmælum og gerir honum ljóst að forseti viðkomandi fræðasviðs hafi

endanlegt úrskurðarvald í málinu af hálfu Háskólans. Hafi nemandinn með óyggjandi hætti gerst sekur um háttsemi sem er andstæð lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008, eða reglum settum samkvæmt þeim, getur forseti fræðasviðs veitt honum áminningu eða vikið honum úr Háskólanum um tiltekinn tíma eða að fullu, eftir því hversu alvarlegt brot nemandans telst vera. Nemandi er heimilt að skjóta ákvörðun forseta fræðasviðs til áfrýjunarnefndar í kærumálum háskóla-nema, sbr. 51. gr. reglna nr. 569/2009. Málskot frestar framkvæmd ákvörðunar forseta. Sjá einnig 19. gr. laga um opinbera háskóla.

Ritstuldur (*Plagiarism*) felst meðal annars í því að texti sem annar hefur skrifað er notaður orðrétt án þess að nota beina tilvitnun, að texti sem annar hefur skrifað er notaður en einu og einu orði er breytt (ekki umorðað) eða að texti sem annar hefur skrifað er umorðaður en heimildar ekki getið. Þegar texti er þýddur þarf að nota beina tilvitnun (nema textinn hafi verið umorðaður) annars flokkast það sem *plagiarism*. Dæmi um vefsíðu með góðum upplýsingum um *plagiarism*: <http://www.academicintegrity.uoguelph.ca/>

Hvað er ritstuldur?

Ritstuldur (e. *plagiarism*) felst meðal annars í eftirtöldu:*

- að leggja fram verk annars óbreytt í eigin nafni,
- að taka beint upp eftir öðrum texta eða hugmyndir án þess að geta heimildar,
- að sleppa tilvitnunarmerkjum þegar um beina tilvitnun er að ræða,
- að gefa rangar eða misvísandi upplýsingar um heimildir,
- að taka efnislega upp texta annars höfundar en umorða hann að einhverju leyti, án þess að geta heimildar,
- að leggja fram sem eigið verk texta sem að megninu til er fenginn „að láni“ frá öðrum, hvort sem heimilda er getið eða ekki,
- að þýða texta annars höfundar orðrétt yfir á íslensku án þess að nota beina tilvitnun,
- að endurnýta í einhverjum mæli efni úr eigin verki án þess að geta heimildar.

*M.a. byggt á skilgreiningum sem er að finna á vefsvæðinu plagiarism.org og síðunni [The Plagiarism Spectrum](http://ThePlagiarismSpectrum.com) á vefsetri Turnitin, <https://www.turnitin.com>.

4.3 Höfundavarið efni

Efni sem háskólakennarar undirbúa til kennslu og dreifa til nemenda er höfundaréttarvarið efni sbr. 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Höfundur efnis hefur einkarétt til að gera eintök af verki sínu og til að gera það aðgengilegt almenningi. Nemendum er óheimilt að afrita efnið eða dreifa því án samþykkis höfundar

4.4. Reglur fyrir barnshafandi nemendur í verklegum námskeiðum í

Lyfjafræðideild

Reglur fyrir barnshafandi nemendur í verklegum námskeiðum eru settar til að tryggja öryggi barnshafandi nemenda í verklegum námskeiðum við Lyfjafræðideild. Verklegar æfingar við Lyfjafræðideild fela í sér vinnu m.a. með hvarfgjörn efni, lyfjavirk efni og lífræna leysa og í rými þar sem titringur er. Þótt öryggi nemenda sé tryggt í hvívetna telur Lyfjafræðideild ástæðu til að setja nánari reglur til að heilsufar og öryggi barnshafandi nemenda og ófæddra barna þeirra sé tryggt.

Samkvæmt reglum þessum skulu barnshafandi nemendur ekki sækja eftirfarandi verklega áfanga við Lyfjafræðideild:

LYF408G	Verkleg lyfjagreining og eðlislyfjafræði
LYF518G	Verkleg lyfjaefnafræði
LYF619G	Verkleg lyfja-og efnafræði náttúruafna

Nemendur sem verða barnshafandi og eru skráðir í ofangreind námskeið skulu leita til verkefnisstjóra kennslumála og gera grein fyrir stöðu sinni. Verkefnisstjóri kennslumála er trúnaðarmaður nemenda og veitir barnshafandi nemendum leiðbeiningar og ráðgjöf verði þeir barnshafandi á meðan námi stendur. Ekki er unnt að breyta verklegum áföngum í verkefni fyrir þessa nemendur enda brýtur slíkt bæði á jafnræði nemenda auk þess sem hæfniviðmið námskeiðanna eru þá ekki uppfyllt.

5. Starfsnám og leyfi

5.1 Starfsnám og tímabundið starfsleyfi aðstoðarlyfjafræðings

Skipulag náms í lyfjafræði (BS og MS) við Háskóla Íslands tekur mið af því sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum og í Evrópu. Námið uppfyllir kröfur Evrópusambandsins (Directive 2005/36/EC) um menntun lyfjafræðinga og hljóta þeir lyfjafræðingar sem brautskrást frá Lyfjafræðideild HÍ þannig gagnkvæm atvinnuréttindi í aðildarlöndum sambandsins. Þó geta einstaka aðildarlönd sett viðbótarkröfur svo sem tungumálakunnáttu og kunnáttu um lög og reglugerðir þessa lands. Til að nemendur geti fengið tímabundið starfsleyfi aðstoðarlyfjafræðings þá þurfa þau að hafa lokið BS námi í lyfjafræði, fyrra ári MS náms í lyfjafræði ásamt tveggja mánaða verknámi í lyfjabúð (apóteki opnu almenningi eða sjúkrahúsapóteki). Tveggja mánaða verknámið er uppfyllt í gegnum námskeiðin LYF307G Starfsnám lyfjafræðinema I, sem kennt er á 2. ári BS náms og LYF222F Starfsnám lyfjafræði-nema II sem kennt er á 1. ári MS náms. Sótt er um leyfi aðstoðarlyfjafræðings til [Lyfjastofnunar](#).

5.2 Starfsleyfi lyfjafræðinga

Starfsleyfi er hægt að sækja um að loknu BS og MS námi auk sex mánaða starfsþjálfunar í apóteki eða sjúkrahúsapóteki, en þá starfsþjálfun taka nemendur utan námsins. Sótt er um starfsleyfi lyfjafræðings til [Embætti Landlæknis](#).

5.3 Lyfjafræðingafélag Íslands (LFÍ)

Allir lyfjafræðinemar sem lokið hafa eins árs námi í lyfjafræði geta sótt um aukaaðild að LFÍ. Aukafélagar taka þátt í öllu starfi félagsins svo sem félags-/fræðslufundum, Degi lyfjafræðinnar, jólaball/jólaskemmtun (fyrir börnin) og slíkum viðburðum.

Aukafélagar eiga ekki rétt á að sækja um styrki í Sjúkrasjóð LFÍ og geta ekki sótt um orlofshús. Aukafélagar geta sótt um styrki í Fræðslusjóð LFÍ.

Lyfjafræðinemar sem lokið hafa 4. námsári og hafa tímabundið leyfi til að gegna störfum aðstoðarlyfjafræðings geta orðið fullgildir félagar.

6. Tinktúra – félag lyfjafræðinema

Við Lyfjafræðideild HÍ er nemendafélagið Tinktúra starfrækt. Markmið félagsins er fyrst og fremst að gæta hagsmuna nemenda og vera málsvari félaga innan Háskólans sem utan. Einnig stendur félagið fyrir ýmsum skemmtunum s.s. kynningarkvöldi fyrir 1. árs nema, árshátíð, ferðalögum o.fl. Félagið er aðili að alþjóðlegum samtökum lyfjafræðinema IPSF og EPSA. Formaður félagsins háskólaárið 2023-2024 er Laila Þóroddsdóttir. Facebook síðu Tinktúru má finna hér: <https://www.facebook.com/tinktura>